

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 30. ágúst 1995 staðfest breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 7. september 1983, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að aðstaða fyrir pylsusölu framan við Fjarðargötu 13-15 flyst að horni Fjarðargötu og Linnetsstígs.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits frá 2. desember 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Byggingarreitur á lóðinni nr. 10 við Kirkjubraut er stækkaður að lóðamörkum og landnotkun á lóðunum nr. 8 og 10 við Kirkjubraut er breytt úr blandaðri notkun, verslun/þjónusta og opinber þjónusta, en verður nú verslun.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.